

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Svava Kristín Ingólfisdóttir  
mezzosópran

Ingibjörg Guðlaugsdóttir  
básúna

Magnús Ragnarsson  
píanó

**NETÚTGÁFA**



*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 29. júlí 2003 kl. 20:30

## Katla

**Svava Kristín Ingólfssdóttir** mezzosópran lauk 8. stigi í söng og síðar söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík þar sem kennarar hennar voru meðal annarra Anna Júlíana Sveinsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Þuríður Pálsdóttir og Jórunn Viðar. Hún stundaði einkanám í óperusöng hjá André Orlowitz prófessor í Kaupmannahöfn og Sten Sjöstedt kennara við Óperuháskólann í Gautaborg. Svava hefur haldið einsöngstónleika og komið fram sem einsöngvari á fjölda mörgum tónleikum á Íslandi, í Svíþjóð og Danmörku.

**Ingibjörg Guðlaugsdóttir** básúnuleikari lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigursveins vorið 1995. Á árunum 1995 til 2000 stundaði hún nám við Tónlistarháskólana í Gautaborg og Kaupmannahöfn. Ingibjörg hefur haldið fjölda einleikstónleika bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Einnig hefur hún komið fram sem einleikari með hljómsveit Tónlistarháskólans í Gautaborg í *Konsert fyrir básúnu og hljómsveit* eftir Launy Gröndahl.

**Magnús Ragnarsson** hefur stundað píanónám frá barnsaldri, fyrst hjá Björgvin Valdimarssyni og síðar Jónasi Ingimundarsyni og Guðríði St. Sigurðardóttur. Haustið 1999 hóf hann orgelnám í Tónskóla þjóðkirkjunnar hjá Kára Þormar og tveimur árum síðar við Kirkjutónlistardeild Tónlistarháskólans í Gautaborg þar sem kennari hans er Karen Nelson. Magnús hefur komið fram sem organisti og píanisti víða um Svíþjóð og á Íslandi. Hann kemur einnig í vaxandi mæli fram sem stjórnandi og hefur m.a. stjórnað kór Verslunarháskólans í Gautaborg.

Upphaf samstarfs Svövu, Ingibjargar og Magnúsar undir nafni Kötlu má rekja til menningarhátíðar í Stokkhólmi vorið 2002 þar sem kynnt var íslensk tónlist. Aðalmarkmið Kötlu er að flytja íslenska tónlist á Norðurlöndum - allt frá okkar elstu þjóðlögum til glænýrra verka - og að sama skapi kynna norræna tónlist á Íslandi. Hópurinn hefur fengið til liðs við sig ung tónskáld sem semja sérstaklega fyrir hina óvenjulegu hljóðfæraskipan. Síðastliðinn vetur hélt Katla fjölda tónleika í Gautaborg, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn bæði með norrænni og íslenskri tónlist.

## Efnisskrá

Hilding Rosenberg 1892 – 1985	Tre sånger ur musiken till „Kvinnan i Hyllos hus“ <i>Ella Bystöm - Baeckström</i>
Hreiðar Ingi Þorsteinsson f. 1978	Hrafnar <i>ísl. þýð. Örn Arnarsson</i> Mánaskin <i>Friðrik Hansen</i> <i>Tileinkað Hirti Þorbjörnssyni</i>
Jón Leifs 1899 – 1968	Lög fyrir píanó opus 2 nr 1, 2 og 4 Valse lento Prelúdía um Ísland, farsælda frón Rímnakviða
Þóra Marteinsdóttir f. 1978	Í draumi hans Eins konar ósk
Gunnar de Frumerie 1908 – 1987	När du sluter mina ögon
Ture Rangström 1884 – 1947	Vingar i natten <i>Bo Bergman</i>
Jan Sandström f. 1954	Sång till Lotta
Hreiðar Ingi Þorsteinsson	Fátækt <i>Jakobína Sigurðardóttir</i> <i>Samið fyrir Kötlu. Frumflutningur</i>
Mist Þorkeldsdóttir f. 1960	Smalasöngvar Vöxtur <i>Þorsteinn Valdimarsson</i>
John Fernström 1897 – 1961	Nachtgesang, op. 18a <i>Goethe</i>